

Ár 2021, miðvikudaginn 10. febrúar, kl. 16.45, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á TEAMS, af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið málið nr. 10/2020:
Ari Björn Thorarensen
gegn
aganefnd Landssambands hestamannafélaga og
Landssambandi hestamannafélaga

Mætt eru í réttinn Ari Björn Thorarensen kærandi, Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri Landssambands hestamannafélaga (LH) og Guðni Halldórsson formaður LH.

Skjöl málsins nr. 1 til 23 liggja frammi.

Er nú í dóminum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I. Málsmeðferð og dómkröfur.

Með kæru dagsettri 16. desember 2020, sem barst skrifstofu ÍSÍ sama dag, kærði Ari Björn Thorarensen ákvörðun aganefndar LH frá 10. desember 2020. Fékk það mál númerið 8/2020 hjá dómstóli ÍSÍ og var úthlutað til dómara í þessu máli þann 18. desember 2020. Málinu var vísað frá dómi með úrskurði uppkveðnum 22. desember 2020 og birtum sama dag.

Með nýrri kæru dagsettri 28. desember 2020, sem barst skrifstofu ÍSÍ sama dag og innan kærufrests, kærði Ari Björn Thorarensen, kt. 010165-5639, ákvörðun aganefndar LH frá 10. desember 2020 og gerði svofelldar kröfur:

- aðallega að ákvörðun aganefndar LH frá 10. desember 2020 um að allur keppnisárangur af Metamóti Spretts sem haldið var dagana 4. – 9. september 2020 skuli felldur út úr Sportfeng verði ógilt og að löglegur árangur sem á mótinu náðist verði látinn standa óhaggaður.
- til vara að löglegur árangur hjá hesti kæranda; Krókusi 2008187654 fái að standa óhaggaður.
- til þrautavara að málinu verði vísað aftur til aganefndar LH til lögmætrar meðferðar.

Samkvæmt kæru var kærði tilgreindur sem aganefnd LH. Aganefndin skilaði greinargerð, en gerði ekki sjálfstæðar dómkröfur og taldi eðlilegra að aðild varnarmegin væri skipuð af Landssambandi hestamannafélaga. Taldi aganefndin mikilvægt að málið fengi efnislega meðferð hjá dómstólinum.

Undir rekstri málsins neytti Landssamband hestamannafélaga heimildar í lögum ÍSÍ til að láta málið til sín taka, gerðist aðili varnarmegin og skilaði greinargerð. Þar gerði Landssamband hestamannafélaga ekki sjálfstæða kröfu en lýsti því yfir að Landssambandið styddi þrautavarakröfu kæranda um að málinu verði vísað aftur til aganefndar LH til efnislegrar meðferðar með hliðsjón af leiðréttri mótaskýrslu.

Máli þessu var formlega úthlutað Hilmarí Gunnlaugssyni dómara í dómstól ÍSÍ 18. janúar 2021. Kærða aganefnd LH var gefinn frestur til föstudagsins 22. janúar 2021 til að skila greinargerð. Frá aganefnd barst tölvupóstur en engin greinargerð. Með tölvupósti dags. 25. janúar 2021 boðaði dómari til þinghalds í málinu. Í tölvupóstinum reifaði dómari sjónarmið um aðild málsins og sérstaklega að eðlilegt væri að

Landssamband hestamannafélaga (LH) væri aðili að málinu og boðaði fyrirvarsmenn LH til þinghalds þann 28. janúar sl. Í því þinghaldi var aðild málsins rædd og LH gefinn kostur á að skila greinargerð í þinghaldi þann 2. febrúar sl. Í því þinghaldi skiluðu báðir kærðu greinargerð sem vikið er að hér ofar. Málið var flutt munnlega miðvikudaginn 3. febrúar sl. og tekið til dóms sama dag.

II. Málsatvik.

Þann 4. – 6. september 2020 var Metamót Spretts haldið af hestamannafélaginu Spretti á Samskipavellinum. Hestur kæranda, Krókus frá Dalbæ, 2008187654, knapi Sigursteinn Sumarliðason, keppti þar í 250m skeiði og sigraði á tímanum 21,23 sem var samkvæmt kæranda besti tími ársins í heiminum og þriðji besti tími sem náðst hefur í þeirri grein frá upphafi. Úrslit þeirra greina sem keppt var í eftir reglum settum af LH voru skráð í tölvukerfi LH, Sportfeng. Kerfið er þeirrar gerðar að eftir að skýrslu hefur verið skilað þá læsist það og getur mótsstjóri ekki gert breytingar nema fá til þess samþykki hjá skrifstofu LH. Fram kom við meðferð málsins að vel sé þekkt, að mótsstjórum sé veittur slíkur aðgangur af starfsfólki skrifstofu LH eftir að skýrslu hefur verið skilað, til að gera leiðréttingar.

Fyrir liggur að mótsskýrslu var skilað inn eftir mótið, en hún ber ekki með sér hvenær það var gert. Verður að leggja til grundvallar að það hafi verið þegar eftir að mótinu lauk.

Þann 5. október 2020 sendi þáverandi formaður stjórnar LH, f.h. stjórnarinnar, bréf til hestamannafélagsins Spretts þar sem sagði m.a.:

Vegna skeiðkappreiðna á Metamóti Spretts dags. 4. til 6. sept. sl. hefur stjórn LH tekið til umfjöllunar framkvæmd þeirra. Svo virðist sem ákveðnir vankantar hafi verið á framkvæmdinni og eru þeir eftirfarandi:

- *Sama keppnispar keppti bæði í 150 og 250 metra skeiði.*
- *Yfirdómari í kappreiðum var ekki með íþróttadómara réttindi.*
- *Einnig hafa komið athugasemdir varðandi framkvæmd ræsingar.*

Í ljósi þessa er það okkar spurning til ykkar mótshaldarar hvort þið hafið ætlað að hafa kappreiðahluta mótsins sem löglega keppnisgrein.

Einnig þykir stjórn LH miður að ekki var farið í öllu eftir þeim sóttvarnareglum sem hestamannafélög hafa skuldbundið sig til að fylgja.

Stjórn LH óskar eftir mati mótshaldara á áðurnefndum atriðum.

Þann 14. október 2020 óskaði stjórn LH eftir áliti laganefndar LH á eftirfarandi spurningum:

- Hefur stjórn heimild til að ógilda árangur knapa þegar kærufrestur er liðinn?*
- Útfylling mótaskýrslu var ábótavant og henni skilað án samþykkis yfirdómara, skráning dómara í kappreiðum var ekki fullnægjandi og skráður yfirdómari var gæðingadómari en ekki íþróttadómari. Hefur það áhrif á lögmati árangurs í keppnisgreininni í heild?*

Laganefnd afgreiddi erindið á fundi sínum þann 21. október 2020 og skilaði áliti 22. október 2020.

Niðurstöður laganefndar um lið a) voru að engar heimildir væru í lögum LH fyrir stjórn að ógilda árangur knapa. Þá taldi laganefnd að yfirdómnefnd bæri ábyrgð á því að löglegri mótaskýrslu væri skilað og að misbrestur virtist hafa verið á því í þessu tilviki. Mælti laganefndin þannig með því að ef mótsstjórn óskaði þess að mótið teldist löglegt, þá ætti að krefjast þess að yfirdómnefnd hlutaðist til um að skila löglegri skýrslu. Loks

benti laganefndin á að það væri í verkahring stjórnar að staðfesta met, sbr. grein 1.4.2. í reglum LH og rakti að til að slíkt yrði gert, þyrfti að uppfylla ákveðin skilyrði og taldi að stjórn væri óheimilt að staðfesta met ef það lægi fyrir að reglum LH hafi ekki verið fylgt.

Varðandi lið b) benti laganefnd á að engar efnislegar reglur um mótaskýrslu væru í lögum LH. Fram kom að í framkvæmd hafi verið litið þannig á, að mót þar sem ekki er skilað skýrslum teljist ekki lögleg mót og árangur á slíkum mótum fái ekki skráður t.d. í Sportfeng. Fram kom hjá laganefnd að ekki væru skýr ákvæði um það í lögum LH að íþróttadómarar skyldu dæma íþróttakeppni og gæðingadómarar gæðingakeppni, en það leiddi þó af eðli máls að þannig væri málum háttað. Þó vakti laganefndin athygli á reglum FEIF S3.2. þar sem gerð væri undantekning, að því er varðar þá aðila sem reglur LH (gr. 8.7.17.6) vísa til sem hlaupagæslumenn en þar segi:

„A licensed FEIF Breeding (as listed on the FEIF website) or Gæðingakeppni judge (as listed on the Landssamband hestamannafélaga website) may be employed in any required position for pace track tests where the duties are limited to showing a flag to indicate whether a horse is in pace or not.“

Taldi laganefndin það leiða af grein 2.8.4. að hafi yfirdómari skeiðkappreiðanna verið gæðingadómari en ekki íþróttadómari, þá sé slíkt mót ekki löglegt og óheimilt sé að skrá árangur knapa á mótinu í Sportfeng.

Erindi stjórnar frá 5. október 2020 til Spretts var svarað með bréfi formanns Spretts þann 22. október 2020. Í bréfinu er vísað til greinargerðar mótsstjóra Metamótsins varðandi keppnispar sem keppti bæði í 150 og 250 metra skeiði ásamt kappreiðahluta mótsins. Sú greinargerð var ekki lögð fram fyrir dómnum, enda snerist mál þetta ekki um þau tilvik. Þá var yfirdómari í kappreiða og tölt hluta mótsins nafngreindur og upplýst að hann hafi verið með íþróttadómara réttindi. Loks kannaðist formaðurinn ekki við athugasemdir vegna ræsinga og tiltók sérstaklega að engar kærur hafi komið fram á mótinu.

Með bréfi dagsettu 28. október 2020 óskaði stjórn LH eftir því að mótsstjórn (yfirdómnefnd) gerði úrbætur á mótaskýrslu og hlutaðist til um að skila löglegri skýrslu, óski mótsstjórnin eftir því að mótið teljist löglegt. Að auki var kallað sérstaklega eftir afstöðu til brota á keppnisreglum, sem koma máli þessu ekki við, en voru hluti af hinum kærða úrskurði aganefndar LH.

Með tölvupósti dagsettum 2. nóvember 2020 barst stjórn LH svar frá mótsstjóra umrædds móts, ásamt upplýsingum um aðra starfsmenn mótsins. Kom þar fram að Jón Ó. Guðmundsson hafi verið yfirdómari í tölti og skeiði. Jafnframt var þar útskýrt að á mótinu hafi starfsmenn lent í vandræðum með skráningu úrslita og þegar það hafi verið lagað þá hafi annar einstaklingur verið eftir inni í kerfinu sem dómari. Tekur mótsstjóri skýrt fram að Jón hafi verið yfirdómari og hefur því ekki verið mótmælt.

Með tölvupósti frá framkvæmdastjóra LH þann 10. nóvember 2020 vísaði stjórn LH til aganefndar til umsagnar þremur tilgreindum atvikum, þar á meðal því sem máli skiptir hér með svofelldum orðum:

Stjórn LH vísar einnig eftirfarandi til aganefndar til umsagnar:

- a. ...
- b. ...
- c. *Útfylling mótaskýrslu á Metamóti var ábótavant og henni skilað án samþykkis yfirdómara, skráning dómara í kappreiðum var ekki fullnægjandi og skráður*

yfirdómari var gæðingadómari en ekki íþróttadómari. Hvert er álit aganefndar á hvort það hafi áhrif á lögmati árangurs í keppnisgreinunum í heild?

Upplýst var fyrir dómi að kærði aganefnd LH gaf hestamannafélaginu Spretti tók á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri auk þeirra einstaklinga sem um ræddi í öðrum liðum úrskurðar aganefndar. Þá kemur fram í hinum kærða úrskurði að mótsstjóri hafi skilað sérstakri greinargerð þann 16. október 2020 sem hafi legið frammi hjá aganefnd, en sú greinargerð hefur ekki verið lögð fram í máli þessu. Þar virðist mótsstjórinn staðfesta að hún hafi gegnt því embætti, þó hún hafi tekið það seint að sér.

Aganefnd LH kvað upp úrskurð þann 10. desember 2020. Í úrskurðinum er fjallað um þrjú mál, þ.e. 1) hvaða áhrif skil á mótsskýrslu eigi að hafa á keppnisárangur á mótinu, 2) hvernig bregðast eigi við því að knapi á sama móti keppti á sama hesti í bæði 150m og 250m skeiði og 3) hvernig bregðast eigi við því að knapi keppti á sama hesti í bæði 150m og 250m skeiði á Skeiðleikum 2, móti sem haldið var 10. júní 2020.

Þann 16. desember 2020 kærði kærandi úrskurð aganefndar LH til dómstóls ÍSÍ, eins og rakið er að framan. Kærandi hafði ekki átt aðild að meðferð málsins fyrir nefndinni.

Með fréttatilkynningu sem birtist á heimasíðu kærða LH þann 17. desember 2020 var upplýst að stjórn Hestamannafélagsins Sprettis hafi farið formlega fram á að fá að skila inn leiðréttri mótsskýrslu vegna Metamótsins frá því í september og beðist velvirðingar á þeim mistökum sem urðu þess valdandi að rangri mótsskýrslu var skilað inn. Jafnframt var upplýst að stjórn LH hafi fallist á þá beiðni og látið opna skýrsluna í Sportfeng og gefið mótsstjórn og yfirdómara Metamóts frest til 20. desember 2020 til að skila réttri mótsskýrslu. Hin nýja mótsskýrsla, dags. 17. desember 2020, fjallaði eingöngu um það hverjir hafi verið starfsmenn mótsins og var efnislega nákvæmlega samhljóða tölvupósti mótsstjóra frá 2. nóvember 2020, utan þess að í skýrslunni frá 17. desember var gerð grein fyrir því hver hafi verið fulltrúi knapa.

Fram hefur verið lögð leiðrétt mótsskýrsla, dagsett 18. desember 2020, að því er best verður séð prentuð úr Sportfeng. Er hún í samræmi við tilkynningar/skýrslur mótsstjóra Sprettis dags. 2. nóvember og 17. desember 2020.

Að þessu gerði sendi stjórn LH erindi til aganefndar LH og óskaði eftir endurupptöku á máli 1/2020, sem lokið hafði með áður nefndum úrskurði frá 10. desember 2020. Voru hin nýju gögn lögð þar fram. Með ákvörðun dags. 22. janúar 2021 hafnaði aganefnd LH að endurupptaka málið, með þeim rökum að umræddum úrskurði hefði verið skotið til dómstóls ÍSÍ og því eðlilegt að dómstóllinn fjalli um málið. Var í ákvörðuninni eingöngu vísað til þess að aðili að c) lið úrskurðar nefndarinnar hafi kært málið, en ekki fjallað um kæru kæranda í þessu máli.

III. Máltilbúnaður kæranda.

Kærandi byggir í kæru á því að engar athugasemdir hafi verið gerðar við tímatöku eða mótahald að öðru leyti en því að mótshaldari varð ekki við tilmælum um að senda nýja leiðrétta skýrslu eftir mót. Ekkert hafi komið fram í málinu sem rennir stoðum undir að tímar séu rangir eða eitthvað hafi verið athugavert við keppnina og þátttakendur. Þvert á móti sé einungis um formgalla að ræða og/eða handvömm mótshaldara sem þátttakendum verði ekki kennt um. Þá liggi fyrir samkvæmt úrskurði aganefndar hverjir störfuðu við mótið og báru ábyrgð á framkvæmd þess og verður ekki ráðið af úrskurðinum annað en að eingöngu skorti leiðrétta tilkynningu frá mótsstjórn til að mótið teljist gilt.

Kærandi segir það andstætt öllum lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar að ólögmæti eins keppanda geti valdið því að árangur annarra keppenda sé metinn ógildur og er engin lagastoð fyrir slíkri niðurstöðu. Af þeim sökum sé ótækt að árangur á mótinu verði felldur út með öllum þeim afdrifaríku afleiðingum sem það hefur á þá sem tóku þátt í mótinu af heilindum og fylgdu mótareglum og lögum LH í einu og öllu.

Þá bendir kærandi á að mótshaldarar skuli skila lögmætum skýrslum að loknu móti. Þess sé því krafist að handvömm, sem keppanda verði ekki kennt um, og engar vísbendingar eru um að hafi haft áhrif á framkvæmd eða úrslit keppni, leiði ekki til þess að lögmætur árangur verði felldur niður. Fram séu komnar áreiðanlegar upplýsingar um hverjir störfuðu við mótið og báru ábyrgð á því og ber því að mati kæranda að taka þær upplýsingar gildar sem leiðréttingu á fyrri skýrslu þannig að lögmætur árangur sem náðist á mótinu haldi gildi sínu.

Verði ekki fallist á aðalkröfu fer kærandi fram á að árangur sem náðist á mótinu af hálfu hans hests verði látinn standa, enda hafi bæði hestur og knapi farið í einu og öllu eftir þeim reglum sem keppt er eftir samkvæmt lögum LH.

Kærandi bendir á að árangur mótsins var færður inn í Sportfeng sem úrslit mótsins á grundvelli framkominnar skýrslu mótshaldara og verður að ætla að með birtingu hennar hafi LH tekið skýrsluna gilda. Kærandi telur afar hæpið að stjórn LH geti óskað eftir einhvers konar eftirá álitni laganefndar LH á lögmæti framkominnar skýrslu eða árangri keppenda þegar skýrsluskil eru á ábyrgð mótshaldara. Viðbrögð við misbrestni á skýrleika í skýrslu mótshaldara gæti auðvitað orðið tilefni til viðbragða gagnvart viðkomandi mótshaldara en fráleitt sé og allt of þungbært að dæma ómerkan lögmætan árangur í keppni. Þá verði ekki séð að neinn aðili hafi gert kröfu um að mótið yrði dæmt ólögmætt enda framkomnar haldbærar upplýsingar um mönnun í trúnaðarstöðum á mótinu, en engin rök hafi verið borin fram um að framkvæmd ótsins hafi verið með ólögmætum hætti, þó vera kunni að einhver þátttakandi hafi ekki að fullu gætt settra reglna. Því telur kærandi að úrskurður aganefndar, að því er varðar lögmæti mótsins, sé markleysa frá upphafi.

Fram kemur hjá kæranda að hestur hans hafi náð besta árangri í heimi í sinni keppnisgrein og því eigi hann verulega hagsmuni af því að árangur hans sé metinn löglegur. Kærandi gerir athugasemd við að þó aðilum máls, aganefnd og mótshöldurum hafi frá upphafi verið ljóst að niðurstaða úr kærumáli þessu varðaði verulega hagsmuni kæranda og annarra keppenda og eigenda keppnishesta, þá hafi kæranda ekki verið gefinn kostur á að koma athugasemdum að undir rekstri málsins fyrir aganefnd. Þegar af þeirri ástæðu ætti að vísa málinu aftur til aganefndar til löglegrar meðferðar.

IV. Málalíbúnaður kærðu.

Af hálfu kærða aganefndar LH eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur eins og áður hefur komið fram, utan þess að nefndin óskar eftir því að málið hljóti efnislega meðferð og umfjöllun hjá dómstóli ÍSÍ. Í greinargerð aganefndar LH kemur fram að þó stjórn LH hafi leitað eftir álitni nefndarinnar, þá hafi verið talið að í því fælist að kveðinn yrði upp úrskurður. Fram kemur hjá kærða aganefnd að ekkert liggi fyrir um að eitthvað ólöglegt hafi átt sér stað eða að um brot á keppnisreglum eigi við um hest kæranda. Aganefndin óskaði þess að dómstóll tæki afstöðu til heimildar LH til að óska eftir úrskurði aganefndar svo löngu eftir mót, en nefndin skoðaði sjálf heimildir sínar til þess og komst að þeirri niðurstöðu að sú heimild væri fyrir hendi í lögum og reglum LH. Slíkt sé þó ekki skýrt og því væri réttarbót að fá niðurstöðu um það.

Kærði LH óskaði eftir því að gerast aðili að málinu og andmælir ekki kröfum kæranda og styður þrautavarakröfu kæranda um að málinu verði vísað aftur til aganefndar LH til efnislegrar meðferðar með hliðsjón af leiðréttri mótaskýrslu. Fram kemur hjá kærða

LH að það hafi hvorki verið vilji fyrirverandi né núverandi stjórnar að árangur á umræddu móti yrði felldur niður, heldur einungis að fá fram rétta mótsskýrslu þannig að mótið gæti talist löglegt.

V. Forsendur og niðurstöður.

Í máli þessu er kærður úrskurður aganefndar LH sem er í þremur liðum. Mál þetta fjallar eingöngu um einn lið af þremur. Er því ekki fjallað hér um þann hluta úrskurðar aganefndar sem fjallar um þau tilvik að keppendur (sami knapi og hestur) kepptu bæði í 150m og 250m skeiði á tveimur mótum sem haldin voru 2020. Upplýst var undir rekstri málsins að annar þeirra einstaklinga sem þar eru nafngreindir hafi skotið úrskurði aganefndar LH hvað sig varðar til dómstóls ÍSÍ, sem sé mál nr. 9/2020.

Þá liggur fyrir að hestamannafélagið Sprettur kærði þann 28. janúar 2021 úrskurð aganefndar LH frá 10. desember 2020 og ákvörðun nefndarinnar um höfnun á endurupptöku frá 22. janúar 2021. Hefur það mál fengið númerið 1/2021 hjá dómstóli ÍSÍ.

Fyrir liggur að kærandi í þessu máli var ekki aðili að meðferð málsins fyrir stjórn LH, laganefnd LH eða aganefnd LH. Með hinum kærða hluta úrskurðar aganefndar var árangur hests kæranda felldur úr gildi. Hefur kærandi þannig ríka og beina hagsmuni af því að fá úrlausn um lögmati úrskurðarins að þessu leyti.

Í kæru var aganefnd LH eingöngu tilgreind sem kærði, en að frumkvæði dómsins var kallað eftir sjónarmiðum um málið frá LH og með heimild í lögum ÍSÍ tók LH formlega aðild varnarmegin í málinu. Færa má rök fyrir því að aðild aganefndar LH sé óþörf, en ekki þótti tilefni, eins og atvikum er hér háttað, til að hrófla frekar við aðildinni varnarmegin.

Allir málsaðilar hafa óskað eftir því að dómstóll ÍSÍ taki reglur LH til skoðunar og leitist við að skýra réttarstöðuna. Slíkt verður eingöngu gert að því marki sem það er nauðsynlegt til að komast að niðurstöðu í því máli sem hér er til umfjöllunar.

Eins og að framan er rakið er sú sérstaka staða uppi í málinu að þeir málsaðilar sem hafa sett fram sjálfstæðar kröfur eru sammála um að fella þurfi úr gildi þá niðurstöðu hins kærða úrskurðar að allur keppnisárangur Metamóts Sprettis sem haldið var dagana 04.09.2020 – 09.09.2020 skuli felldur út úr Sportfeng. Af gögnum málsins verður ráðið að mótið hafi staðið til 6. september en augljóst og óumdeilt er við hvaða mót er átt. Þá liggur einnig fyrir að enginn hefur beinlínis sett fram kröfu um að keppnisárangur yrði felldur niður, hvorki þeir aðilar sem kærurétt höfðu í samræmi við reglur LH né stjórn LH.

Í rökstuðningi aganefndar LH fyrir niðurstöðu sinni um Metamót Sprettis er rakið að einungis mótsstjórn (yfirdómnefnd) sé heimilt að senda inn nýja skýrslu, hafi hún ekki verið í réttu formi áður.

Í máli þessu liggur fyrir að mótsskýrslu var skilað og árangur keppenda skráður í Sportfeng. Ekki verður annað séð að aðrar upplýsingar í upphaflegri mótsskýrslu en um nöfn starfsmanna, þ.e. upplýsingar um keppnisgreinar og áminningar, hafi staðið óbreyttar og ekki þurft lagfæringa við. Sama virðist gilda um allan keppnisárangur á mótinu, þó framlagðar mótsskýrslur greini ekki frá honum. Þá virðist enginn ágreiningur uppi í málinu að mótsskýrsla, þ.e. upplýsingar um starfsmenn mótsins, hafi

verið ábótavant og hefur mótstjóri leitast við að útskýra það að því marki sem útskýringar voru tækar. Loks virðist enginn ágreiningur um að upplýsingar sem fram komu frá mótstjóra þann 2. nóvember 2020 og aftur í erindum mótstjóra og yfirdómara annars vegar og hestamannafélaginu Spretti hins vegar þann 17. desember 2020, séu fullnægjandi upplýsingar og í tilskildu og lögmætu formi.

Í úrskurði aganefndar LH er þess getið að ekki hafi verið brugðist við áskorun um að skila inn nýrri og leiðréttri skýrslu. Miðað við gögn þessa máls sendi stjórn LH slíka áskorun frá sér þann 28. október 2020. Verður tölvupóstur mótstjóra dags. 2. nóvember 2020 því metinn sem viðleitni um að verða við þeirri áskorun. Er því ekki fallist á að ekki hafi verið brugðist við áskoruninni. Úrskurður aganefndar LH verður ekki skilinn öðruvísi en svo, að umræddur tölvupóstur geti ekki verið metinn sem erindi frá mótstjórn (yfirdómnefnd) og að aðrir geti ekki svo löglegt sé, skilað inn slíkri breytingu. Taka má undir að gera verður ákveðnar formkröfur í starfsemi íþróttafélaga, en þær þurfa að mati dómsins að vera skýlaugar ef þær eiga að leiða til þess að leiðrétting nær ekki fram að ganga. Í máli þessu hefur verið upplýst að almennt hafi mótstjórar geta leiðrétt mótsskýrslur þegar eftir því hefur verið leitað. Verður því að leggja til grundvallar að taka hafi átt tillit til þeirrar venju við mat á gildi tilkynningar mótstjóra frá 2. nóvember 2020, til að tryggja samræmi í slíkri framkvæmd. Sérstök lagarök þurfi fyrir þeirri niðurstöðu að aðili úr yfirdómnefnd sé ekki bær til að leiðrétta staðreyndavillur í mótsskýrslu um það hverjir hafi verið starfsmenn móts, sérstaklega ef slík niðurstaða felur í sér að keppnisárangur sem engar athugasemdir hafa verið gerðar við sé felldur úr gildi. Verður að gera þá kröfu, bæði til stjórnar LH og aganefndar LH að við umfjöllun og afgreiðslu mála sem ekki hvíli á skýrum lagagrunni, verði meðalhófs að vera gætt. Ljóst er af úrskurði aganefndar að hún leiddi hugann að meðalhófssjónarmiðum í umfjöllun um aðra úrskurðarliði en þann sem hér er til endurskoðunar.

Stjórn LH fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli landsþinga LH, skv. grein 1.4. í lögum LH. Starfssvið stjórnar er skv. grein 1.4.2. m.a. að líta eftir því að lög og reglugerðir LH séu haldin og staðfesta met. Stjórn er í grein 1.6.2 í lögnum tryggt aðgengi að öllum hestamannamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda sambandsins.

Í agareglum LH kemur fram í grein 2.1. að leggja skuli Fipo reglurnar til grundvallar við skipulagningu alþjóðlegra, innlendra og annarra viðburða sem varða íslenska hestinn. Í kafla 2.7. er fjallað um andmæla- og agareglur og í kafla 2.8. eru íslenskar sérreglur. Í grein 2.7.2. er fjallað um skipan yfirdómnefndar og hvað varðar önnur mót en Landsmót, Íslandsmót, World Ranking mót og Heimsmeistaramót er vísað til greinar 2.8.3. um skipan yfirdómnefndar. Þar segir að yfirdómnefnd sé skipuð yfirdómara, mótstjóra og fulltrúa knapa. Yfirdómari sé formaður hennar. Í grein 2.8.7. kemur fram að verkefni yfirdómnefndar sé að tryggja að mót fari fram eftir lögum og reglum LH og ÍSÍ, hún veiti áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, vísi mönnum úr keppni sé þess þörf. Þá skal yfirdómnefnd senda aganefnd LH skýrslu að móti loknu. Einnig skal senda inn kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok. Á heimasíðu LH eru eyðublöð fyrir mótaskýrslu og skýrslu yfirdómnefndar. Þar er gert ráð fyrir að formaður framkvæmdanefndar skrifi undir mótaskýrslu, en yfirdómari, mótstjóri og vallarstjóri riti undir skýrslu yfirdómnefndar. Fram kemur í athugasemd í eyðublaði um mótaskýrslu, að senda skuli árangur keppenda í eða með þeirri skýrslu og að nóg sé að

senda mótaskrá þar sem árangur kemur fram. Mótaskráin skuli þá staðfest af dómurum mótsins með undirskrift sinni.

Aganefnd, laganefnd og keppnisnefnd eru meðal fastanefnda stjórnar skv. lögum LH og skipaðar af stjórn. Hlutverk þeirra er að vinna með stjórninni milli þinga að þeim málefnum sem hverri nefnd tilheyrir. Skal stjórn setja þeim starfsreglur.

Í gildi er sérstök reglugerð um aganefnd LH. Samkvæmt henni fjallar nefndin um brot keppenda og starfsmanna á hestamótum og í tengslum við þau, skýrslur yfirdómnefnda móta og ákvarðar refsingu fyrir brot á keppnisreglum og reglugerðum LH, þ.á.m. reglum um ferðalög innanlands og utan. Aganefnd hefur heimild til að veita starfsmönnum móta áminningu.

Þá er í gildi sérstök reglugerð um keppnisnefnd LH. Hlutverk hennar er að endurskoða reglugerðir LH er varðar keppnir og koma með tillögur að breytingum ef þörf er á. Keppnisnefnd skal fara yfir skýrslur yfirdómnefnda og framkvæmdanefnda móta til glöggvunar og yfirsýnar á ágreiningsefnum sem upp kunna að koma, svo og vandamálum sem verða í mótaframkvæmd. Skal nefndin gera tillögur til stjórnar LH um breytingar á reglum til að koma í veg fyrir slík ágreiningsefni og vandamál.

Þegar sett eru met, þá þarf að fullnægja ákveðnum skýrum formkröfum, svo FEIF og LH samþykki met tíma. Þó tími hests kæranda hafi verið góður, þá var ekki um met tíma að ræða og því ekki þörf á ferli sem um er rætt í grein 8.7.17.8 í FIPO reglum um íþróttakeppnir. Af sömu ástæðu var ekki sérstakt tilefni fyrir stjórn að staðfesta tímann á grundvelli greinar 1.4.2. í lögum LH.

Í Móta- og keppendareglum ÍSÍ gefur að líta ákveðna leiðsögn um grunnatriði í mótahaldi sem ætlað er að tryggja ákveðið utanumhald um einstök mót. Þjóna reglunnar bæði því markmiði að vera leiðbeinandi fyrir einstök sérsambönd um innihald slíkra reglna og sem lágmarksreglur ef sérreglur ganga ekki framár.

Almennt verður að telja það ríka hagsmuni, eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, að árangur sem næst á mótum sé réttur og í anda Ólympíusáttmálans og grunnilda íþróttahreyfingarinnar. Ekki er unnt að útiloka að fram komi upplýsingar löngu eftir að einstök mót voru haldin, sem gera það að verkum að réttlætanlegt er að taka til skoðunar hvort árangur á mótinu fullnægi þeim viðmiðum sem grunnildi, lög og reglur íþróttahreyfingarinnar byggja á.

Í grein 2.8.4. í agareglum LH segir að mótshaldarar verði að sækja um gæðinga- og íþróttadómara til stjórna dómarafélaga LH til að móti séu lögleg og fái skráningu í Sportfeng. Ákvæði þetta má skilja svo, að löglíkur séu til þess að mót teljist löglegt, hafi það fengið skráningu í Sportfeng. Þó verður að lesa þetta ákvæði með hliðsjón af grein 2.8.7. um að yfirdómnefnd skuli senda aganefnd LH skýrslu að móti loknu, sem og kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok. Má túlka þessa tilhögun svo, að ef aganefnd LH gerir ekki athugasemd við skýrslu yfirdómnefndar, eða úrskurða yfirdómnefndar skv. grein 2.8.9., þá gildi skráning í Sportfeng og sú niðurstaða að mótið sé löglegt. Af 7. og 8. gr. reglugerðar um aganefnd LH leiði að almennt skuli aganefnd hafa kveðið upp úrskurð innan þriggja sólarhringa frá því að skýrsla yfirdómnefndar berst nefndinni og að skýrslur skuli hafa verið sendar innan tveggja sólarhringa frá mótslokum. Af þessu leiðir, að almennt mega þátttakendur gefa sér að um löglegt mót hafi verið að ræða, að þegar liðnir eru fimm sólarhringar frá mótslokum án þess að skráningar úr móti hafi verið felldar niður. Það að tíðkast hafi að opna fyrir



leiðréttingar mótsstjóra eftir þetta tímamark breyti engu um þessa niðurstöðu í meginatriðum.

Verður því að leggja til grundvallar, að þegar stjórn LH hóf skoðun á lögmati atriða sem tengjast umræddu móti, sem virðist hafa verið snemma í október 2020, þá hafi mótið haft stöðu löglegs móts. Þessi niðurstaða tónar ekki við þá nálgun laganevndar LH, sem bæði stjórn og aganefnd gerðu að sinni nálgun, að í ljósi vankanta á mótsskýrslu þeirri sem skilað hafði verið, sé rétt að krefjast þess að yfirdómnefnd hlutist til um að skila löglegri skýrslu. Hér hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að mótið hafi á þeim tímapunkti talist löglegt, og því hafi átt að líta þannig á málið að ef ekki yrði skilað „löglegri“ skýrslu, þá yrði tekið til skoðunar hvort úrskurða yrði mótið ólöglegt.

Ekki er að finna skýr ákvæði í lögum og reglum LH um feril og viðurlög við því að innsend mótsskýrsla reynist röng varðandi starfsmenn móts. Ljóst er að almennt er leitast við að opna fyrir leiðréttingar á mótsskýrslum í því skyni að hið rétta fái fram að koma og þannig leitast við að auðvelda leiðréttingar.

Í máli þessu er hins vegar ekkert það fram komið, sem bendir til þess að árangur keppenda, þar á meðal hests kæranda, hafi verið náð með aðferðum sem brjóti gegn grunngildum íþróttahreyfingarinnar. Af hálfu kærðu hefur ekki verið leitast við að færa fyrir því rök að mikilvægt hafi verið að ógilda keppnisárangur á mótinu. Þvert á móti hefur komið fram sú skoðun að það hafi ekki verið krafa eða ósk kærða LH.

Rétt þykir að taka fyrst til skoðunar, hvort atvik málsins ein og sér, eða í ljósi laga og reglna LH réttlæti að árangur allra keppenda á mótinu séu ógilt, þar sem leiðrétting á vanköntum mótsskýrslu hafi eingöngu borist frá mótsstjóra en ekki öllum aðilum mótsstjórnar (yfirdómnefnd).

Ljóst er að aðfinnslur stjórnar LH við mótsskýrslu í þeim hluta úrskurðar aganefndar sem hér er til umfjöllunar lúta ekki að árangri keppenda eða agaviðurlögum á mótinu, heldur eingöngu skráningu starfsmanna. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að ætla að starfsmenn mótsins hafi ætlað að „blekkja eða reyna að blekkja yfirvald innan LH með röngum skýrslum eða villandi upplýsingum“ eins og rakið er í grein 2.8.11 í agareglum LH. Þvert á móti virðist sem ástæða hinna röngu upplýsinga um starfsmenn hafi verið mannleg mistök og vankunnátta á það kerfi sem notað var. Almennt er leitast við að tryggja að óvissu um úrslit móta sé eytt eins fljótt og unnt er. Þannig er kærheimild bundin við þátttakendur, starfsmenn og dómara samkvæmt grein 2.8.9. í agareglum LH og er kærufrestur 30 mínútur eftir mótslok. Ómótmælt er staðhæfingu um að engar slíkar kærur hafi borist.

Aganefnd LH sækir vald sitt til stjórnar LH og þeirra starfsreglna sem nefndinni eru settar af stjórninni, að því marki sem það verður ekki með skýrum hætti leitt af lögum og öðrum reglum samþykktum af LH, FEIF eða ÍSÍ. Ljóst er að aganefnd gat ákveðið að veita starfsmönnum áminningu með stoð í grein 2 í reglugerð aganefndar vegna þess ágalla sem var á skýrslugjöf.

Lög og reglur LH fjalla ekki með skýrum hætti um atvik sem það sem hér er til umfjöllunar. Sá sem heldur því fram að stjórn og/eða aganefnd LH hafi vald til að ógilda keppnisárangur án sérstakrar kæru löngu eftir að móti lauk á þeim grundvelli að starfsmenn móts hafi ekki verið rétt tilgreindir og að leiðréttingar hafi ekki verið formlega réttar, ber sönnunarbyrði fyrir því að valdheimild sé til staðar. Þó ætla verði

ákveðið svigrúm fyrir stjórn LH til að bregðast við hugsanlegum upplýsingum sem gefa tilefni til að ætla að mót hafi ekki fullnægt grundvallarkröfum sem gerðar eru til þeirra, t.d. með því að ógilda keppnisárangur sem náðst hefur á slíku ólögsmætu móti, þá verður slíkri heimild á grundvelli ákvæða um tilgang og hlutverk stjórna eingöngu beitt af varfærni. Gera þarf kröfu um að brotið hafi verið mjög alvarlegt og skerði trúverðugleika starfsins eða gangi gegn grundvallarreglum LH og ÍSÍ. Ef um er ræða atriði sem auðvelt er að laga, án þess að vafi leiki á um trúverðugleika keppnisúrslita, verður að telja að meðalhófsjónarmið og eðli máls, sem og sú almenna regla að íþyngjandi ákvarðanir skuli byggja á skýrum heimildum, komi í veg fyrir að lögsmæti móts sé felld úr gildi þegar langt er um liðið frá móti. Gæta þurfi meðalhófs og tryggja að jafnvægi sé á milli ágalla og viðbragða.

Óumdeilt virðist að kærandi, eða hestur hans, naut ekki á nokkurn hátt ávinnings af þeim ágalla sem leiddi til niðurstöðu aganefndar LH. Aganefnd LH hefur það úrræði samkvæmt reglugerð um hana að áminna starfsmenn ef tilefni er til. Mótsskýrsla var móttækin af kærða LH og ekki tekin ákvörðun um ógildi hennar innan þess tímaramma sem almennt er ætlaður í slíkt ferli. Þá bárust stjórn LH leiðréttar upplýsingar áður en ákveðið var að vísa málinu eftir sem áður til aganefndar, upplýsingar sem virðast hafa verið samþykktar sem réttar á síðari stigum, eftir úrskurð aganefndar. Ekki verður séð að lög og reglur LH rökstyðji með skýrum hætti að heimild hafi verið til staðar til að ógilda keppnisúrslit í mótinu. Að þessu öllu virtu, og að teknu tilliti til krafna aðila, verður því að fallast á að sú niðurstaða aganefndar LH að fella úr gildi keppnisárangur í Metamóti Spretts dagana 4. til 6. september 2020 skuli ógilt. Niðurstaða þessi hefur ekki sjálfkrafa áhrif á aðra liði í úrskurði aganefndar frá 10. desember 2020, enda þeir ekki til úrlausnar í máli þessu.

Að mati dómsins leiðir þessi niðurstaða til þess að ákvörðun um að fella niður keppnisárangur hefur verið felld úr gildi og keppnisárangurinn þannig gildur. Kærandi hefur ekki aðra hagsmuni en þá, að fá niðurstöðu um þann þátt málsins. Ekki er tilefni til að dómstóll ÍSÍ mæli fyrir um það hvort aganefnd LH eða stjórn LH skuli fjalla um málið að nýju.

Dóm þennan kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari í dómstól ÍSÍ.

Dómsorð:

Felld er úr gildi sú niðurstaða aganefndar LH í úrskurði í máli nr. 1/2020 frá 10. desember 2020 um að allur keppnisárangur af Metamóti Spretts sem haldið var dagana 04.09.2020 – 09.09.2020 (sic) skuli felldur út úr Sportfeng.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærðu er bent á ákvæði 33.3 í lögum ÍSÍ, en þar er mælt um að áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstóls ÍSÍ sé ein vika frá því að aðila var kunnugt um niðurstöðuna.

Dómþingi slitið


Hilmar Gunnlaugsson.